

REGLUGERÐ

um innleiðingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 13. tl. 3. mgr. bókunar 21 við EES-samninginn, gildir hér á landi með þeim breytingum sem leiða af bókun 21, bókun 1 og öðrum ákvæðum samningsins. Eftirtaldar EB-gerðir gilda því hér á landi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 frá 14. maí 1991 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 3975/87 frá 14. desember 1987, sbr. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91, hefur verið breytt með eftirfarandi reglugerðum og gilda þær einnig hér á landi samkvæmt, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

3. gr.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérriti S40, bls. 501-507.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 34, 15. september 1994, bls. 1.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 hefur áður verið birt sem fylgiskjal með reglugerð nr. 652/2005 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2005, bls. 1419-1444.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með þessari reglugerð fellur úr gildi 1. gr. a reglugerðar nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. reglugerð nr. 338/1996.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónína S. Lárusdóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1284/91**

frá 14. maí 1991

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990, um fargjöld í áætlunarflugi ⁽⁴⁾, og reglugerð (EBE) nr. 2343/90 ⁽⁵⁾ um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði, er kveðið á um frekara frjálsræði í fargjöldum í bandalaginu.

Stefna bandalagsins á sviði flutninga í lofti gerir flutningsaðilum kleift að stunda samkeppni á eigin verðleikum og eflir með því atvinnugreinina til hagsbóta fyrir notendur og því þarf framkvæmdastjórnin að geta brugðist skjótt við ef viðskiptahættir flugfélaga stríða gegn samkeppnisreglum og gætu stefnt þjónustu samkeppnisaðila í hættu, eða jafnvel tilvist flugfélags, og valdið með því óbætlanlegum skaða á samkeppnismarkaði.

Rétt er að koma á sérstakri málsmeðferð sem nýtist framkvæmdastjórninni til að beita samkeppnisreglunum með skjótari hætti í tilvikum þegar brýnt er að hindra eða bregðast við samkeppnishamlandi viðskiptaháttum.

Þessi málsmeðferð ætti að færa hlutaðeigandi fyrirtækjum tækifæri til að leggja fram skriflegar athugasemdir um andmæli sem beint er gegn þeim.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta reglugerð (EBE) nr. 3975/87 ⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3975/87:

⁽¹⁾ OJ nr. C 155, 26. 6. 1990, bls. 7 og OJ nr. C 101, 18. 4. 1991, bls. 19.⁽²⁾ OJ nr. C 48, 25. 2. 1991, bls. 166.⁽³⁾ OJ nr. C 41, 18. 2. 1991, bls. 44.⁽⁴⁾ OJ nr. L 217, 11. 8. 1990, bls. 1.⁽⁵⁾ OJ nr. L 217, 11. 8. 1990, bls. 8.⁽⁶⁾ OJ nr. L 374, 31. 12. 1987, bls. 1.

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Bráðabirgðaráðstafanir gegn samkeppnishamlandi viðskiptaháttum

1. Hafi framkvæmdastjórnin augljósar sannanir fyrir því að tiltekni viðskiptahættir stríði gegn 85. eða 86. gr. sáttmálans, og beinist að því eða leiði beinlínis til þess að flugþjónustu sé stofnað í hættu og nægi ekki að beita venjulegum aðferðum til að verja hlutaðeigandi flugþjónustu eða flugfélag, getur hún, með fyrirvara um beitingu 1. mgr. 4. gr., með ákvörðun gripið til bráðabirgðaráðstafana til að tryggja að þessum viðskiptaháttum verði ekki beitt, eða látið sé af þeim, og gefið nauðsynleg fyrirmæli til að koma í veg fyrir þessa viðskiptahætti uns ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 4 gr. er tekin.

2. Ákvörðun sem er tekin samkvæmt 1. mgr. gildir í hæsta lagi í sex mánuði. Ákvæði 5. mgr. 8. gr. gilda ekki.

Framkvæmdastjórnin getur endurnýjað upphaflegu ákvörðunina, breytta eða óbreytta, í þrjá mánuði í hæsta lagi. Í því tilviki gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr.“

2) Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 13. gr.:

„e) að hlíta ráðstöfunum í ákvörðun sem kveðið er á um samkvæmt 4. gr. a.“

3) Í 1. mgr. 16. gr. komi „4. gr. a“ á eftir „4. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Nr. 814

18. september 2006

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J. F. POOS

forseti.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2006